

bæjarlistamaður

Til : Ólöf Hulda Breiðfjörð
Frá : Guðrún Magnúsdóttir <ninnamagg@gmail.com>
Heiti : bæjarlistamaður
Málsnúmer : 2102116
Málsaðili : Garðabær
Skráð dags : 29.01.2021 11:08:49
Höfundur : Guðrún Magnúsdóttir <ninnamagg@gmail.com>

Góðan daginn

Samkvæmt auglýsingu í Garðapóstinum langar mig til að tilnefna málningarhóp félags eldri borgara sem bæjarlistamann. Þó það sé óvenjulegt að tilnefna heilan hóp er þetta fólk sem hefur mætt í hvert sinn sem tók eru á, þrátt fyrir aldur,heilsubrest og covid og er margt hvert á efri árum og án menntunar að helga sig málalartistinni og skapa hvert listaverkið á fætur öðru.

Húsnæðið sem þeim er skaffað frá Garðabæ er þröngt og loftlítið, innréttingar gamlar og úr sér gengnar, stólar lélegir og öll aðstaða frekar forneskjuleg og útundan, fyrir utan kennarann sem er algjör perla.

Hvet þig til að kíkja á þau og sjá með eigin augum hvað er að gerast þarna.

Þetta er fólk á síðustu metrum sinnar tilveru, sjúkdómar og kvíði hrjá þau, ekki síst á þessum erfiðu tímum, aldrei heyrir samt kvart yfir aðstöðu eða erfiðleikum, aðeins spjallað með jafnaðargeði um daginn og veginn.

Listagyðjan á sér þarna risastóran sess og vinnur líka gríðarlegt forvarnarstarf. Auðvitað sýnist hverjum sitt um afraksturinn en er það ekki mesta listin að létta sér tilveruna á erfiðum tímum með litum og fagurfræði?

Besta kveðja

Ein sú yngsta í hópunum, aðeins 71 árs

Sent from [Mail](#) for Windows 10